

BREYTINGAR Á VEGLÍNU Í 2. ÁFANGA NORÐAUSTURVEGAR TIL VOPNAFJARÐAR

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar í 2. áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins að neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á umhverfið verði haldið í lágmarki.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 5. maí 2008.

INNGANGUR

Þann 18. febrúar 2008 tilkynnti Vegagerðin breytingar á veglínu í 2. áfanga Norðausturvegar milli Bunguflóa og Vopnafjarðar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vopnafjarðarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Vopnafjarðarhreppi með bréfi dags. 13. mars 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. febrúar 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. mars 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 4. mars 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Úrskurður Skipulagsstofnunar. Mat á Norðausturvegi til Vopnafjarðar fór fram árið 2007 og lauk með áliti Skipulagsstofnunar dags. 13. júlí 2007. Í álitinu var lagt til að framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar yrði háð skilyrðum. Í fyrirliggjandi tilkynningu er fjallað um breytingar á 2. áfanga milli Bunguflóa og Vopnafjarðar.

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að við undirbúning og verkhönnun hafi komið í ljós að færa þurfi veglínuna sem hafi orðið fyrir valinu (Vesturárdalsleið um Búastaði) á nokkrum stöðum. Einnig þurfi að gera breytingar á Millidalaleið sem sé um 7 km langur nýr vegur milli Vesturárdals og Hofsdals. Breytingarnar séu sumar gerðar vegna tillögu landeiganda en aðrar gerðar eftir nánari skoðun veglína, til að fella framkvæmdina betur að landslagi og draga þar með úr jarðraski og áhrifum hennar á umhverfið.

Fyrirhugaðar breytingar á veglínu Vesturárdalsleiðar um Búastaði:

Stöð 24.000-25.000. Fram kemur að veglínan sé færð úr talsverðu votlendi yfir á þurrara land. Í stað þess að raska votlendi á 330 m kafla liggi hún um votlendi á 250 m kafla. Á milli stöðva 24.500-25.000 verði veglínan færð frá fornleifum til að draga úr hættu á að þeim verði raskað.

Stöð 26.200-26.700. Fram kemur að veglínan sé færð úr blautu votlendi yfir á þurrara og nær námu B-16, svo hún verði hluti af framkvæmdasvæði vegarins. Veglínan liggi um votlendi á um 30 m styttri kafla.

Stöð 27.500-28.200. Fram kemur að veglínan sé færð til að aðlaga framkvæmdina betur að landslagi. Við breytinguna lendi fornleif, nr. 156482 39 -35 (varða) undir vegi.

Stöð 28.500-28.700. Fram kemur að skering sé dýpkuð til að minnka fyllingu á djúpar mýrar beggja vegna hennar.

Stöð 30.200-31.200. Fram kemur að veglínan sé færð lengra frá fjárhúsum og fjárrétt í landi Hauksstaða. Við breytinguna þurfi minni fyllingu í gil við stöð 30.460. Miðað sé við að núverandi vegur nýtist sem tenging að fjárhúsum og verði tengdur Vopnafjarðarmegin við nýjan Norðausturveg.

Stöð 31.200-31.500. Fram kemur að veglínan sé færð nær Vesturdalsá til að draga úr röskun á túnnum sunnan vegarins.

Stöð 31.500-33.700. Fram kemur að veglínan sé færð fjær Vesturdalsá til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á laxveiði í ánni. Með færslunni fáist aukin öryggisbreidd og þar með þurfi ekki að setja vegrið meðfram vegi ármegin.

Stöð 35.500-36.600. Fram kemur að veglínan sé færð fjær Búastöðum.

Stöð 36.600-37.400. Fram kemur að veglínan sé færð norðar (framar), úr mjög blautri mýri upp á þurrara land og mela. Eftir færsluna raski framkvæmdin votlendi á um 80 m styttri kafla.

Stöð 37.700-38.100 Fram kemur að veglínan sé færð aðeins ofar í landið til að komast hjá því að raska túnnum.

Stöð 38.500-40.000 Fram kemur að veglínan sé færð til að fella hana betur að landslagi.

Stöð 43.200-43.400 Fram kemur að veglínan sé færð örlítið nær Vesturdalsá 1-1,5 m til að draga úr raski á landi.

Stöð 43.700-44.500 Fram kemur að veglínan sé færð fjær Vesturdalsá til að koma til móts við óskir laxveiðimanna. Við færsluna verði veglínan svo nálægt reykhusi við Selhól að gert sé ráð fyrir að fjarlægja þurfi reykhusið.

Stöð 44.500-45.800 Fram kemur að veglínan sé færð um vegbreidd, lengra frá Skógalóni sem er á náttúruminjaskrá. Færslan geri það að verkum að ekki verði þörf á vegriði meðfram vegi á þessum kafla og veglínan færist fjær svæði með sjaldgæfum gróðri við stöð 45.500.

Stöð 46.000-47.580 Fram kemur að við stöð 46.100 sé veglínan færð fjær hesthúsi og fornleif 156507 42-23 (útihús), svo henni verði ekki raskað. Milli stöðva 46.900-47.300 kom í ljós að veglínan sem kynnt var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar lá ofan á öskuhaugum Vopnafjarðar. Nauðsynlegt hafi verið að færa veglínuna á þeim kafla. Við færsluna verði meira votlendi raskað, eða á um 480 m löngum kafla.

Tengingar Fram kemur að í grennd við stöð 28.600 verði gerð ný tenging að Hauksstöðum og við stöð 35.800 verði gerð ný tenging að Búastöðum. Við stöð 37.600 verði gerð ný tenging að Vakurstöðum og Ytrihið til að stytta tengingar að bæjunum.

Breytingar á Millidalaleið:

Stöð 300-2.200 Fram kemur að lega veglínunnar breytist talsvert á þessum kafla. Haft hafi verið samráð við landeigendur í Vesturárdal því ný veglína raski túnnum í landi Hauksstaða og skipti þar landi. Landeigendur hafi samþykkt breytinguna og verði gerð undirgöng undir Millidalaleið fyrir búfé til að auðvelda notkun á túnunum. Við breytingu á tengingu Millidalaleiðar við Norðausturveg verði Millidalaleið 0,3 km styttri og vegalengdin sem íbúar í Hofárdal þurfi að fara um Norðausturveg til að komast upp á Hringveg verði 1,65 km styttri en kynnt hafi verið í matsskýrslu. Ný veglína liggja á um 170 m styttri kafla um votlendi en gert hafi verið ráð fyrir í matsskýrslu.

Stöð 4.800-5.400 Fram kemur að veglínan sé færð ofar við Skessufoss til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Þegar horft verði upp í hlíðina neðan frá muni nýr vegur ekki blasa við beint ofan við fossinn eins og veglína skv. matsskýrslu hefði gert. Við færsluna muni ný veglína fara yfir votlendi á um 100 m lengri kafla en kynnt hafi verið í matsskýrslu.

Fram kemur að nákvæmar efnisrannsóknir hafi ekki enn farið fram vegna framkvæmda á áfanga 2. Búast megi við að einhverjar breytingar þurfi að gera á þeirri efnistöku sem kynnt hafi verið við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, til að nýta efnid betur og aðlaga efnistöku betur að landi. Ef þær verða til þess að námur flytjist til verði breytingin tilkynnt til Skipulagsstofnunar.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að breytingarnar séu sumar gerðar vegna tillögu landeiganda sem komu fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar oft vegna tenginga einstakra bæja, fjarlægðar frá útihúsum og vegna áhrifa á tún.

Áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Fram kemur að breytingarnar séu sumar gerðar eftir nánari skoðun veglína, til að fella framkvæmdina betur að landslagi og draga þar með úr jarðraski og áhrifum hennar á umhverfið.

Áhrif á gróður. Fram kemur að breytingarnar hafi í flestum tilfellum í för með sér heldur minni skerðingu á votlendi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Vopnafjarðarhreppur telur að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum sem og Fornleifavernd ríkisins að því gefnu að tillit verði tekið til athugasemda stofnunarinnar varðandi fornleifar sem fram koma í umsögninni. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif á náttúrufar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að um sé að ræða óverulegar færslur á veglínunum að undanskilinni breytingu á Millidalaleið og legu Norðausturvegar við sorphauga Vopnafjarðar. Helsta breyting á Millidalaleið felist í því að upphafsstöð vegarins verði við stöð 31200 á Norðausturvegi í stað stöðvar 32550. Að líkindum muni ný lega vegarins hafa minni áhrif á votlendi miðað við gróðurkort. Að öðru leyti virðast áhrif þessara leiða vera nokkuð svipuð. Stofnunin telur að við mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar til Vopnafjarðar hafi verið aflað nægjanlegra upplýsinga um þau svæði sem fyrirhugaðar breytingar nái til.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að eftirtaldir fornleifar þurfi að merkja vel meðan á framkvæmdum standi til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá:

156482 39 - 28 varða í landi Hauksstaða

156482 39 - 29 varða í landi Hauksstaða

156482 39 - 30 garður í landi Hauksstaða

156482 39 - 33 tóft, beitarhús? í landi Hauksstaða

156482 39 - 34 tóft, beitarhús? í landi Hauksstaða

156482 39 - 36 varða í landi Hauksstaða

156482 39 - 39 varða í landi Hauksstaða
156482 39 - 13 tóftasvæði, Kot (Barkarstaðir?) í landi Hauksstaða
156482 39 - 42 stekkur í landi Hauksstaða.
156482 41 - 15 túngarður (Steinn/Tungusteinn) í landi Búastaða

En í sömu umsögn kemur fram að eftirtaldar fornleifar lendi undir framkvæmdum og þurfi því að sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim:

156482 39 - 35 varða í landi Hauksstaða.
156482 39 - 38 varða í landi Hauksstaða.

Einnig telur Fornleifavernd ríkisins nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að skoða eftirtaldar fornleifar vegna hættu á því að þær spillist við framkvæmdirnar:

Tóft 156482 39 - 24 smalakofi? í landi Hauksstaða.
 Útihúsatóftir **156482 39 - 27** og **156482 39 - 16** í landi Hauksstaða.
 Útihúsatóftir **156507 42 - 23** í landi Norður-Skálaness.

Fornleifavernd ríkisins bendir einnig á nauðsyn þess að samráð verði haft við Minjavörð Austurlands vegna nýrra tenginga að Hauksstöðum, Búastöðum, Vakurstöðum og Ytri Hlíð og breytingar á Millidalaleið og kanna hvort fornleifum stafi hættu af lagningu þeirra, til að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana.

156482 39 - 45 varða í landi Hauksstaða. Fornleifavernd ríkisins bendir á að ef í ljós komi að varðan verður að víkja vegna efnistöku, verði að afla leyfis hjá Fornleifavernd til að fjarlægja hana.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að öllum ábendingum Fornleifaverndar ríkisins verði fylgt og leitað verði ráða hjá Minjaverði Austurlands um tilhugun athugana á fornminjum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða tilfærslu veglínunnar sem varð fyrir valinu á Norðausturvegi til Vopnafjarðar (Vesturárdalsleið um Búastaði) á nokkrum stöðum. Einnig þarf að gera breytingar á Millidalaleið sem er um 7 km langur nýr vegur milli Vesturárdals og Hofsráðalds. Breytingarnar eru sumar gerðar að tillögu landeiganda en aðrar eru gerðar eftir nánari skoðun veglína, til að fella framkvæmdina betur að landslagi og draga þar með úr jarðraski og áhrifum hennar á umhverfið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13. a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif breyttra framkvæmda á náttúrufar séu óveruleg. Í flestum tilfellum séu breytingarnar til batnaðar þar sem dregið verði úr neikvæðum áhrifum á landslag sem og votlendi.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif breytinganna séu á fornminjar en verði tilmælum Fornleifaverndar ríkisins fylgt, líkt og Vegagerðin áformar, þá verði áhrifin ásættanleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli

Þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á Norðausturvegi til Vopnafjarðar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins að neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á umhverfið verði haldið í lágmarki.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 5. maí 2008.

